

Dalagisting ehf. 87. fundur.

Mánudaginn 25. október 2021 var haldinn stjórnarfundur Dalagistingar ehf. í fjarfundi og hófst hann kl. 16:05.

Mætt voru: Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Guðmundur Gunnarsson, Pálmi Jóhannsson, Tryggvi Guðmundsson, Anna Berglind Halldórsdóttir og Kristján Sturluson.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason stýrði fundi.

Dagskrá:

1. Niðurstaða af erindi til Byggðastofnunar um frestun á láni.

Í samræmi við ákvörðun stjórnarfundar félagsins 27.09.2021 var sótt um það til Byggðastofnunar að fresta einni afborgun af láni frá stofnuninni. Byggðastofnun hefur fallist á erindið og var viðauki við skuldabréf nr. 700910 lagður fram á fundinum. Þrír stjórnarmenn þurfa að undirrita viðaukann.

Viðaukinn samþykktur samhljóða.

Rætt um að hefja samtali við Byggðastofnun um hvernig stofnunin geti aðstoðað félagið í framhaldinu á meðan fasteignir þess eru óseldar.

Framkvæmdastjóra falið að senda fyrirspurn til Byggðastofnunar og óska eftir viðræðum.

2. Erindi frá Heilsusköpun ehf. um leigu á fasteign félagsins.

Lagt fram erindi frá Heilsusköpun ehf. um áframhaldandi leigu á þeim kjörum og forsendum sem kveðið var á um í fyrri leigusamningi. Óskað er eftir leigusamningi til eins árs í senn.

Fyrsti valkostur félagsins er að selja fasteignina. Ef til þess kæmi að eignirnar yrðu leigðar þyrfti að gera ráð fyrir að greiddur væri fastur kostnaður og lágmarksleiga. Félagið er ekki tilbúið til áframhaldandi leigu með óbreyttum kjörum. Föst lágmarksleiga þarf að vera allt árið og hlutfall af tekjum sumarsins hærra. Grunnur að viðræðum um áframhaldandi leigu þarf að vera tilboð sem gerir ráð fyrir framangreindu, auk þess sem liggja þarf fyrir framtíðarsýn og viðskiptaáætlun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson.

Fundargerð staðfest í tölvupósti.

Anna Berglind Halldórsdóttir, 27.10.2021 kl. 08:49

Eyjólfur Ingvi Bjarnason, 26.10.2021 kl. 19:11

Guðmundur Gunnarsson, 28.10.2021 kl. 19:54

Pálmi Jóhannsson, 26.10.2021 kl. 17:23

Tryggvi Guðmundsson, 26.10.2021 kl. 14:18


SVEITARSTJÓRI
DALABYGGÐAR
Kristján Sturluson